

Orkustofnun gjörir kunnugt:

að samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, er hér með

Eyvindartungu ehf.


veitt leyfi til að reisa og reka 295 kW orkuver,

Sandárvirkjun

í Árnessýslu

Virkjunarleyfi þetta er veitt á grundvelli þeirra gagna er fylgdu leyfisumsókn Eyvindartungu ehf. og með fyrirvörum er fram koma í leyfisbréfi Orkustofnunar dagsettu 11. október 2011

Orkustofnun, 11. október 2011



Guðni A. Jóhannesson
Orkumálastjóri

Eyvindartunga ehf
Sigurður Jónsson
Eyvindartungu
801 SELFOSS

Reykjavík, 11. október 2011
Tilvísun: 2011070016/50.4.3
Verknúmer: 1103000

Efni: Fylgibréf með virkjunarleyfi til reksturs Sandárvirkjunar V með uppsettu afli 295 kW

Orkustofnun vísar til erindis Eyvindartungu ehf., kt. 440102-5060, Eyvindartungu, 801 Selfossi, dags. 26. júlí sl., þar sem með vísan til II. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og á grundvelli þeirra gagna sem bárust með umsókn fyrirtækisins, er sótt um leyfi reksturs Sandárvirkjunar V sem er í Sandá í landi Eyvindartungu í Árnessýslu.

Í samræmi við heimild í 32. gr. raforkulaga hefur iðnaðarráðherra falið Orkustofnun leyfisveitingarvald skv. 1. mgr. 4. gr. laganna. Fer Orkustofnun einnig með þær heimildir ráðherra sem leiða má af leyfisveitingarhlutverki þessu og kveðið er á um í raforkulögum og reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, að breyttu breytanda. Þá annast Orkustofnun stjórnýslu orkumála Íslands í umboði stjórnvalda og leggur þeim ráð í þeim efnum, skv. 2. gr. laga um Orkustofnun, nr. 87/2003. Orkubúskapur þjóðarinnar og hagnýting orkulinda er meðal þeirra viðfangsefna sem Orkustofnun ber ábyrgð á. Það er því meðal annars hlutverk Orkustofnunar að annast ábyrga stjórnýslu í orkumálum. Samkvæmt markmiðsákvæði raforkulaga er tilgangur laganna að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal m.a. skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. Tryggja ber öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda. Loks skal stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti. Samkvæmt 5. gr. raforkulaga getur leyfisveitandi sett leyfisveitingu skilyrði er lúta m.a. að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa.

Orkustofnun skal í samræmi við 8. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis, m.a. á grundvelli áhrifa fyrirhugaðra framkvæmdar á umhverfi og að stuðlað sé að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Mat á umsókn, skv. 1. mgr. 34. gr. raforkulaga og 8. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, skal grundvallast á málefnalegum sjónarmiðum, þ.m.t. að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.

Sandárvirkjun V hefur verið starfrækt og tengd við dreifikerfi dreifiveitunnar RARIK frá því virkjunin var fyrst gangsett snemma árs 2005. Þegar virkjunin var reist var ekki sótt um leyfi til Orkustofnunar né iðnaðarráðuneytis. Hugsanleg skýring á því er að fyrir gildistíð laga nr. 65/2003 þurfti ekki að sækja sérstaklega um virkjunarleyfi til Orkustofnunar né iðnaðarráðuneytis. Á þessu varð breyting þegar samþykkt voru ný lög um raforku, nr. 65/2003, sem komu til framkvæmda 1. júlí 2003. Þar kemur fram í 4. gr. að leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka raforkuver sem eru 1 MW eða meira. Samkvæmt 2. gr. l. nr. 89/2004, um breytingar á lögum nr. 65/2003, var m.a. bætt við 4. gr. laganna að virkjanir séu leyfisskyldar ef þær afhenda orku inn á dreifikerfi dreifiveitna eða

flutningskerfið óháð stærð sinni. Þessi viðbót við 4. gr. laganna tók gildi 9. júní 2004. Eyvindartunga ehf. sækir af framangreindum ástæðum um leyfi til að reka virkjunina.

Orkustofnun hefur nú tekið framangreinda umsókn til afgreiðslu, ásamt þeim upplýsingum sem borist hafa við meðferð málsins.

Í 5. gr. raforkulaga er fjallað um skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis. Í 2. mgr. 5. gr. laganna segir að ráðherra geti sett frekari skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis í reglugerð.

Í 5. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga er frekar fjallað um skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis. Orkustofnun hefur yfirfarið umsókn Eyvindartunga ehf. og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Með umsókn sinni og gögnum sem henni fylgdu hefur Eyvindartunga ehf. sýnt fram á að fyrirtækið, sem og rekstur virkjunarinnar, uppfylli öll skilyrði laga fyrir útgáfu virkjunarleyfis. Með vísan til þess, og á grundvelli 6. gr. raforkulaga og 7. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, veitir Orkustofnun Eyvindartunga ehf., kt. 440102-5060, Eyvindartunga, 801 Selfossi, leyfi til að reka Sandárvirkjun V með 295 kW uppsettu afli.

Þann 5. ágúst 2003 tilkynnti Eyvindartunga ehf. um byggingu 295 kW heimarafstöðvar samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/200 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13a í 2. viðauka laganna. Þann 24. september 2003 komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu að Sandárvirkjun V væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum vegna þess að framkvæmdin væri umfangslítill og því væru umhverfisáhrif vegna hennar takmörkuð.

Framkvæmdin var í samræmi við þágildandi aðalskipulaga Laugardalshrepps 2000-2012. Orkustofnun ítrekar að umræddar framkvæmdir verði ávallt í samræmi við framangreint skipulag, sem og aðrar skipulagsáætlanir sem í gildi eru á hverjum tíma.

Eyvindartunga ehf. og RARIK hafa gert með sér tengisamning vegna reksturs Sandárvirkjunar V, sbr. samningur fyrirtækjanna frá 31.10.2002.

Umsókn Eyvindartunga ehf. um leyfi til að reka Sandárvirkjun V var kynnt í Lögbirtingarblaðinu, sbr. 3. mgr. 34. gr. raforkulaga og 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, með auglýsingu, dags. 18. ágúst sl. Þar gafst þeim aðilum sem málið varðar færi á því að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Engar athugasemdir bárust.

Eyvindartunga ehf. ber að standa Orkustofnun árlega skil á upplýsingum um framleiðslu virkjunarinnar og áhrif hennar á náttúrulegt rennsli á sólarhringsgrunni. Skila skal upplýsingum um daglegt notað vatn í virkjunum, vatnsstöðu og um framhjárennsli. Í stað upplýsinga um framhjárennsli er heimilt að skila gögnum eða benda á gögn um náttúrulegt rennsli á nálægu vatnasviði, þannig að áætla megi áhrif virkjana á náttúrulegt rennsli Sandár með samanburði. Um upplýsingagjöf gilda ákvæði viðauka I við leyfi þetta.

Fyrirtækið skal ávallt hafa aðgang að þeirri tæknilegu þekkingu sem þarf vegna reksturs virkjunarinnar. Þá skal tryggt að fyrirtækið hafi ávallt fjárhagslega burði til að efna allar skuldbindingar vegna starfsemi virkjunarinnar. Mannvirki og tæki eru eign leyfishafa og er fyrirtækinu frjálst að nýta mannvirki á svæðinu undir aðra starfsemi í samræmi við ákvæði laga á hverjum tíma.

Í samræmi við 7. mgr. 9. gr. raforkulaga og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga skal Eyvindartunga ehf. veita Landsneti hf. aðgang að öllum upplýsingum varðandi starfsemi virkjunarinnar sem nauðsynlegar eru til að Landsnet hf. geti rækt lögbundið hlutverk sitt.

Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. raforkulaga skal leyfishafi tryggja viðeigandi öryggi við virkjunina vegna starfsemi hennar og í öllum frágangi og við framkvæmdir á starfstíma stöðvarinnar og að

honum loknum. Meðal annars skal þess gætt að varðveita gæði náttúru og umhverfis virkjunarinnar svo og að auðlindin sé nýtt með sjálfbærum hætti

Með vísan til 2. mgr. 6. gr. raforkulaga er heimilt að endurskoða leyfi þetta að 5 árum liðnum enda hafi forsendur þess breyst verulega, t.d. ef sýnt er fram á að óbreytt nýting jarðhitans hafi skaðleg áhrif á auðlindina.

Leyfið má hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Orkustofnunar, sbr. 35. gr. raforkulaga.

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum raforkulaga eða reglugerða settum á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast leyfinu eða öðrum heimildum skal Orkustofnun veita leyfishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta, sbr. 36. gr. raforkulaga. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörun Orkustofnunar innan tilgreindra tímamarka getur stofnunin afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur Orkustofnun þó afturkallað það án aðvörunar.

Gjald fyrir veitingu virkjunarleyfis þessa er 110.000 kr. í samræmi við ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 33. gr. raforkulaga. Virkjunarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Að lokum vekur Orkustofnun athygli á því að samkvæmt 2. mgr. 37. gr. raforkulaga sæta stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar samkvæmt lögnum kærur til iðnaðarráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Að öðru leyti fer um meðferð máls samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Virðingarfyllst,


Harpa Þórunn Pétursdóttir


Skuli Thoroddsen

VIÐAUKI I

við virkjunarleyfi fyrir Sandárvirkjun V í Árnessýslu, útgefið 11. október 2011.

MARKMIÐ EFTIRLITS

Markmið eftirlits Orkustofnunar vegna rannsóknar-, virkjunar- og nýtingarleyfa er að nægileg þekking á rannsóknum og vinnslu auðlinda sé til staðar til að tryggja að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið (25. gr.). Einnig skal Orkustofnun hafa eftirlit með umgengni við auðlindir til varnar því að auðlindum sé spillt eða að framkvæmdir valdi hættu eða skaða (24. gr.). Niðurstöður sem fengnar eru við rannsókn auðlinda eru forsendur nýtingarleyfis og eftirlitsgögn sem safnað er við nýtingu auðlinda eru grundvöllur framlengingar á nýtingaleyfum. Af þessum sökum þarf eftirlitsaðili að halda gagnagrunn um rannsóknir og nýtingu auðlinda.

MEÐFERÐ UPPLÝSINGA

Upplýsingar sem veittar eru Orkustofnun vegna rannsóknarleyfis skulu bundnar trúnaði á gildistíma leyfis og framlengingar þess og forgangsréttartíma, svo og á gildistíma virkjunar- eða nýtingarleyfis sem veitt er rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis nema annað sé sérstaklega ákveðið í leyfinu.

Ef virkjunar- eða nýtingarleyfi er ekki gefið út til rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis fellur trúnaðarskylda niður og er þá Orkustofnun heimilt að láta umræddar upplýsingar í té og/eða nýta þær í þágu frekari leyfisveitinga.

Ef virkjunar- eða nýtingarleyfi er veitt öðrum aðila en þeim sem kostað hefur rannsóknir á svæðinu getur sá sem kostaði rannsóknirnar krafði virkjunar- eða nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna nýtanlegra rannsókna gegn afhendingu á niðurstöðum þeirra (7. gr.).

Upplýsingar sem veittar eru Orkustofnun vegna virkjunar- eða nýtingarleyfis skulu bundnar trúnaði á gildistíma virkjunar- eða nýtingarleyfis nema annað sé sérstaklega ákveðið í leyfinu.

Upplýsingar sem veittar eru Orkustofnun samkvæmt auðlindalögum (nr. 57/1998) skulu vera í vörslu stofnunarinnar og er stofnuninni óheimilt að veita þriðja aðila aðgang að gögnunum nema með sérstöku leyfi leyfishafa.

Leyfishafi og leyfisveitandi skulu eftir föngum leitast við að gera niðurstöður rannsókna og vinnslu aðgengilegar svo af þeim megi læra, komandi kynslóðum til hagsbóta.

RANNSÓKNARLEYFI

Leyfishafa ber að skila ákveðnum niðurstöðum rannsókna til Orkustofnunar svo stofnunin megi rækja eftirlitshlutverk sitt samkvæmt auðlindalögum. Umfang rannsókna ber að skilgreina nákvæmlega í þeirri rannsóknaráætlun sem lögð er til grundvallar á hverju rannsóknarleyfi og er hluti af viðkomandi leyfi. Viðkomandi rannsóknaráætlun setur þannig ramma um þau gögn sem leyfishafa ber að afhenda Orkustofnun. Þar sem því verður við komið er æskilegt að gögnum verði skilað á stafrænu formi.

Eigi sjaldnar en árlega skal leyfishafi senda Orkustofnun afrit af þeim skýrslum sem unnar hafa verið samkvæmt viðkomandi rannsóknaráætlun.

VIRKJUNAR- OG NÝTINGARLEYFI

Leyfishafa ber að skila Orkustofnun ákveðnum upplýsingum um eðli og umfang auðlinda,

Leyfishafa ber að skila Orkustofnun ákvæðnum upplýsingum um eðli og umfang auðlinda, upplýsingum um heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og fleiri atriðum samkvæmt nánari ákvæðum í viðkomandi leyfi. Eftir því sem við verður komið er æskilegt að gögnum verði skilað á stafrænu formi. Upplýsingar sem leyfishafi skal senda Orkustofnun árlega vegna virkjunar- og nýtingarleyfis vatnsorku eru:

- Skýrslur um daglegt notað vatn, framhjárennsli og vatnsborð í miðlunarlónum.
- Skýrslur um mánaðarlegt hámarks- og lágmarksvatnsborð í miðlunarlónum.
- Skýrslur um stöðu grunnvatns á áhrifasvæði vegna virkjunar, skv. nánari forsögn

Orkustofnunar.

- Hita-, leiðni- og aurburðarmælingar í vatnsföllum, skv. nánari forsögn Orkustofnunar.
- Efnagreiningar á vatni úr einstökum vatnsföllum.
- Skýrslur um grunnvatns- og rennislíkanreikninga.
- Skýrslur um vatnsbólagerð og vinnsluboranir.
- Skýrslur um könnunarboranir og könnunarbrunna.
- Tölur og skýrslur um dæluprófanir.
- Skýrslur um (endurskoðaðar) hugmyndir um jarðfræðilega gerð vatnasviðs og veita á því.
- Aðrar skýrslur eða tölur, sem máli skipta um tilgreinda auðlind og nýtingu hennar af hálfu leyfishafa.

BORHOLUR OG BRUNNAR

Skilaskyld gögn um borholur, sem boraðar eru, eða brunna sem grafnir eru til rannsóknar eða nýtingar vatnsorku, eru annars vegar viss gögn um holurnar og/eða brunna sem mannvirki og hins vegar gögn sem holur og/eða brunna veita um vatnsorkuna sem auðlind.

Mannvirkjaleg atriði borhola og brunna eru t.d.:

- Staðsetning holu eða brunns (hnit, staðarnafn, svæðisnafn)
- Dýpi holu og fóðringar, frágangur á holutoppi eða brunni
- Tímasetning framkvæmdar

Upplýsingar um auðlindina sem mannvirkin veita eru t.d.:

- Rennsli úr mannvirki
- Hitastig vökva úr eða í mannvirki
- Hvar vatn kemur inn í mannvirkið
- Jarðlagasnið
- Efnasamsetning vökva úr eða í mannvirki
- Hitastig og þrýstingur í grunnvatnskerfi

Orkustofnun getur krafist þess að fá afrit af borskýrslu (dagbók jarðborunar) eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið og Orkustofnun getur einnig krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt (22.gr.). Að öðru jöfnu skal skilaskylda til Orkustofnunar takmarkast við þær upplýsingar sem leyfishafi vinnur úr þessum gögnum.